

að trygging samkvæmt þeim taki eigi til tjóns, sem verði, ef flogið er á tímabilinu frá einni stundu eftir sólarlag til einnar stundar fyrir sólarupprás, nema óviðráðanleg atvik valdi. Samkvæmt vottorði Þorkels Þorkelssonar, fyrrv. veðurstofustjóra, var sólarlag í Vestmannaeyjakaupstað hinn 25. september 1946 kl. 19,11 eftir íslenskum sumartíma. Var því liðin meira en klukkustund frá sólsetri, er flugvélin lenti. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að óviðráðanleg atvik hafi valdið því, að flugvélin var á ferð svo síðla, verður að líta svo á, að samkvæmt ákvæðum þeim, er greinir í áðurnefndum skilmálum Lloyd's, sé stefnda óskytt að bæta það tjón, sem varð af notkun flugvélarinnar á þessum tíma sólarhrings. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Almennar tryggingar h/f, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Loftleiða h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. marz 1949.

Nr. 61/1947. **Ásgrímur Albertsson** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Erlendi Þorsteinssyni og gagnsök

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Meiðyrðamál. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1947. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum aðalstefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðalstefndi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar 1948, með stefnu 6. febrúar s. á. Í áfrýjunarleyfinu er tilskilið, að áfrýjunarstefna sé tekin út

innan 4 vikna frá dagsetningu leyfisbréfsins. Þar sem því skilyrði hefur ekki verið fullnægt, ber að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti.

Ummæli þau, sem aðalstefndi saksækir aðaláfrýjanda fyrir í máli þessu, eru í grein með fyrirsögninni *Fáheyrt hneyksli*, er birtist í blaðinu Mjölmi á Siglufirði hinn 23. janúar 1946. Höfundur greinarinnar var ekki nafngreindur, en aðaláfrýjandi var ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins og hefur einnig í málinu kannast við að hafa skrifað greinina.

Það var tilefni greinarinnar, að aðalstefndi, sem var framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, hafði á árunum 1944 og 1945 aðstoðað sænskt hlutafélag, er síld hafði keypt hér á landi, við innflutning á sykri og síldarkryddi og meðal annars útvegað því leyfi til innflutnings á vörum þessum. Ekki er komið fram í málinu, hvort síldarkryddið var flutt hingað til lands, en sykurinn kom í júlímánuði 1945, og var honum síðar ráðstafað til íslenskra síldarsaltenda. Sykurinn var keyptur af nafngreindu verzlunarfyrirtæki í New York, og er því ómótmælt haldið fram af aðaláfrýjanda, að náinn venzlamaður aðalstefnda sé aðaleigandi þess. Aðalstefndi hafði og keypt sykur fyrir hönd Síldarútvegsnefndar af sama verzlunarfyrirtæki, og virðist sú sykursending hafa komið til Siglufjarðar í desember 1945 og janúar 1946.

Aðaláfrýjandi telur, að framangreind atvik réttlæti ummæli þau, sem stefnt er fyrir. Á þetta verður þó ekki fallið. Í greininni er svo sterkt að orði kveðið um framangreindan erindisrekstur og starfsemi aðalstefnda, að telja verður ummælin fara út fyrir takmörk leyfilegrar gagnrýni. Ummælin: „Þessi sending var 300 sekkir og mun geymd í Hrímní“ — varða ekki við meiðyrðalöggjöfina, en önnur ummæli, sem stefnt er fyrir, þykja eiga að varða aðaláfrýjanda refsingu samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 700 króna sekt, er renni í ríkissjóð og komi 12 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og að ómerkja ummæli þau, sem refsað er fyrir. Ekki þykir, eins og á stendur, nægileg ástæða til að dæma aðalstefnda miskabætur. Eftir málavöxtum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði aðalstefnda málskostn-

að í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1000.00.

Málflutningsmaður aðalstefnda hér fyrir dómi, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, hefur ekki aflað gagn-áfrýjunarleyfis, fyrr en liðinn var frestur samkvæmt fyrri málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936, og láðst að taka út áfrýjunarstefnu áður en tilskilinn frestur var liðinn, svo sem áður segir. Verður að víta vangæzlu þessa.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Ásgrímur Albertsson, greiði 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Aðaláfrýjandi greiði aðalstefnda, Erlendi Þorsteinsyni, málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Samþykktur atkvæðinu að öðru leyti en því, að ég tel eftir atvikum rétt, að aðaláfrýjandi greiði aðalstefnda miskabætur, sem mér þykja hæfilega ákveðnar 800 krónur.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 14. marz 1947.

Með stefnu, dags. 14. febr. f. á., höfðar stefnandinn, Erlendur Þorsteinson, framkvæmdastjóri Sildarútvegsnefndar, meiðyrðamál gegn stefndum, Ásgrími Albertssyni gullsmið, Siglufirði, sem þá var ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins *Mjölris á Siglufirði*, út af meiðandi ummælum í grein, er birtist í fyrrgreindu blaði 23. janúar 1946 undir fyrirsögninni *Fáheyrð hneyksli*. Auk greindrar fyrirsagnar telur stefnandi hin umstefndu ummæli, — þessi:

„Opinber starfsmaður, Erlendur Þorsteinsson, ber að erindrekestri fyrir útlend sildarkaupafirnu.“

„Slíkir menn eiga ekki heima í opinberri þjónustu.“

„Heldur er hér um að ræða hneyksli, sem Erlendur hefur gert sig sekan um.“

„Seint í nóvember kemur enn sykursending á nafn Erlendar, og er hún eign A/B Bröðerna Ameln.“

„Og nú með síðustu ferð Fjallfoss kemur enn þá sykursending, og nú er eigandi hennar Ernst Ryberg A/B.“

„Þessi sending var 300 sekkir og mun geymd í Hrímní.“

„Að hann pantar sykur og krydd gegnum þetta firma á sitt eigið nafn handa Sildarútvegsnefnd og að hann virðist leggja meiri áherzlu á að panta handa Svium en Sildarútvegsnefnd.“

„Hér er um að ræða hneyksli, sem verður að rannsast nánar.“

„Það er með öllu óþolandi hneyksli, að hann sem trúnaðarmaður íslenska ríkisins sé að braska í sykurkaupum fyrir erlend firmu gegnum sitt eigið fjölskyldufyrirtæki í Ameríku og panti vörur handa Sildarútvegsnefnd á sitt eigið nafn gegnum sama firma.“

„Hans starf er að semja við erlend sildarukaupafirmu fyrir hönd Íslendinga og gæta íslenskra hagsmuna gagnvart þeim, en ekki að reka erindi þessara útlandinga.“

„Sé ekki nema brot af því braski, sem Erlendur hefur verið í“

„Almenningur hlýtur að krefjast þess, að þeir menn, sem svona haga sér, séu ekki áfram í þjónustu opinberra stofnana.“ —

— vera stórlega móðgandi og ærumeiðandi fyrir mann í opinberri þjónustu og starfi og vera til þess lagin að valda sér álitshnekkni og mannorðsspilli.

Krefst stefnandi, að hin umstefndu ummæli verði dæmd dauð og marklaus, að stefndur verði dæmdur fyrir þau í refsingu eftir 236. gr. og öðrum ákvæðum XXV. kafla refsilaganna, í 10.000 kr. bætur fyrir álitsspjöll, til greiðslu kostnaðar af birtingu dómsins með forsendum í opinberu blaði, svo og til þess að greiða allan málskostnað að skaðlausu, en hans krefst umboðsmaður stefnanda með kr. 1809.00.

Stefndur mótmælir kröfum stefnanda og krefst sýknu.

Stefndur telur sig finna umstefndum orðum sínum stað með því, að stefnandi hafi unnið og aðstoðað við, að hann fengi innflutningsleyfi fyrir sykri til sildarverkunar á sitt nafn vegna ákveðins sænsks firma, þótt í samráði við Viðskiptaráð og Skömmtunarskrifstofu ríkisins væri. Þessum sykri var svo ráðstafað til sildarsaltenda, að því er stefnandi, ómótmælt af stefndum, hefur haldið fram og leggja verður til grundvallar í málinu, en stefnandi tók þátt í því sem framkvæmdastjóri Sildarútvegsnefndar, og virðast þessi kaup, ómótmælt í málflutningnum, hafa orðið valdandi meiri sildarsölu Sildarútvegsnefndar en ella.

Hin umstefndu ummæli beinast mjög að stefnanda á þann hátt, er eigi verður skilinn öðruvísi en áburður um ótrúmennsku og sviksemi í opinberu starfi hans sem framkvæmdastjóra Sildarútvegsnefndar, en ekkert er fram komið í málinu, er bendi í þá átt. Eru ummælin mjög meiðandi og

mannorðsrýrandi fyrir stefnanda. Er hér að ræða um áburð stefnds um sök, er gera mundi stefnanda óhæfan til þess að gegna stöðu sinni sem framkvæmdastjóri Sildarútvegsnefndar og jafnvel hvaða opinberu trúnaðarstarfi, sem væri, ef sökin væri sönn, en fyrir þessum ásökunum hefur stefndur engar sannanir fært. Er því rétt, að stefndur verði dæmdur í 1000 kr. sekt fyrir þau, til vara sæti 20 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Í hneisubætur er rétt, að stefndur greiði 3000 kr. og greiði kostnað við birtingu dóms þessa í opinberu blaði, og skulu hin umstefndu ummæli vera dauð og marklaus.

Málskostnað, er rétt, að stefndur greiði með 1400 kr.

Fyrir því dæmist rétt vera :

Stefndur, Ásgrímur Albertsson, Siglufirði, greiði 1000 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti til vara 20 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hin umstefndu ummæli skulu dauð og marklaus.

Stefndur greiði stefnanda 3000 kr. í hneisubætur, 1400 kr. í málskostnað og greiði kostnað við birtingu dóms þessa í opinberu blaði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marz 1949.

Nr. 45/1949. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Jóni Sölva Helgasyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 300 krónur til hvors.